

Sp.

925. Skýrsla

[509. mál]

Íslensku þingmannanefndarinnar hjá Evrópuráðinu frá fundi ráðgjafarþingsins dagana 26. og 27. janúar 1988 um Norður-suður átakið.

Íslenska þingmannanefndin í Evrópuráðinu er þannig skipuð:

Aðalmenn: Ragnhildur Helgadóttir formaður, Guðmundur G. Þórarinsson, Kjartan Jóhannsson.

Varamenn: Ragnar Arnalds, Hreggviður Jónsson, Kristín Halldórsdóttir.

Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins var sl. ár skipt í þrjú hluta. Það var 39. þing ráðsins. Fyrsti hlutinn var í maí 1987, annar í september 1987 og hinn þriðji í janúar 1988.

Hér á eftir fer skýrsla um hið svonefnda Norður-suður átak sem var meginefni janúarþingsins. Evrópuráðið hefur helgað árið 1988 þessu átaki sérstaklega. Jóhann Karl Spánarkonungur hleypti verkefninu af stokkunum í Strassborg hinn 26. janúar sl. Umræður um málið einkenndust af einhug ræðumanna um viðleitni til að draga úr vanda þróunarríkja. Fyrir lágu skýrslur um málið frá átta nefndum:

1. Efnahags- og þróunarnefndinni,
2. vísinda- og tækninefndinni,
3. flutninga- og flóttamannanefndinni,
4. umhverfis- og skipulagsnefndinni,
5. pólitísku nefndinni,
6. menningarmálanefndinni,
7. landbúnaðarnefndinni,
8. undirnefnd um fiskveiðar.

Efnahagsnefndin lagði áherslu á fjögur meginatriði sem snerta samskipti og samstöðu „Norðurs“ og „Suðurs“:

1. Skuldir,
2. viðskipti,
3. atvinnumál,
4. þróunaraðstoð.

Svo og sambandið milli þessara þátta.

Núverandi efnahagsvandi einkennist að mati nefndarinnar af skorti á hagvexti, varanlegu atvinnuleysi, hækkandi vöxtum og verðfalli verðbréfa sem hafði neikvæð áhrif bæði á „Norður“ og „Suður“. Verndarstefna hefði valdið vaxtahækkun og þannig haft áhrif á vaxtabyrði þróunarríkjanna. Dregið hefði úr möguleikum á þróunaraðstoð til fátækra ríkja.

Í skýrslu nefndarinnar var Norður-suður átakið talið fela í sér tækifæri til að skerpa vitund almennings um hin samofnu örlög „Norðurs“ og „Suðurs“ og skilning á þörf fyrir betur samræmda stefnu í skipan heimsmála. Samstarf „Norðurs“ og „Suðurs“ væri pólitísk nauðsyn bæði af hagnýtum og siðferðilegum ástæðum.

Frjáls félagasamtök og stofnanir á vegum annarra en hins opinbera myndu gegna lykilhlutverki í Norður-suður áttakinu. Halda á ráðstefnu í Madrid í júní nk. til að ákveða áætlun um aðgerðir. Talsmaður nefndarinnar kvað Norður-Evrópu þurfa að taka nýtt frumkvæði til að tryggja að auðlindum væri skipt með jafnari hætti. Þróunarhjálp er meginmarkmið aðgerðanna og hún ætti að beinast að því að gera suðlægu löndin sjálfum sér nóg. Aðkallandi væri að létta skuldavanda þróunarríkjanna. Evrópuráðsríkin ættu að opna markaði sína fyrir innflutningi frá ríkjum sem eru ekki jafnþróuð. Iðnrekendur Evrópuráðsríkjanna ættu að taka upp víðtækari samskipti við suðlægu ríkin.

Það væri fyrst og fremst skaði Evrópu ef heimurinn skiptist í tvær andstæðar heildir. Norður-suður átakið væri því rétta leiðin og beggja hagur.

Á vegum *vísinda- og tækninefndarinnar* var bent á að samtímis því sem norðlægu ríkin veita almenna tækniástoð þyrfti að auka viðskipti á sviði hátækni. Suðlæg lönd þörfuðust betri fjarskipta, varðveislu líftæknilegra möguleika og aukins öryggis í framleiðslu og notkun kjarnorku.

Fólksflutninga- og flóttamannanefndin gaf skýrslu um byggðapróun í þriðja heiminum sem hún taldi alþjóðlegt vandamál og lagði áherslu á hina miklu breytingu í byggðapróun á tuttugustu öld. Milljónir atvinnuleysingja hafa flutt úr sveitum í borgir. Ofsóknir, vopnuð átök og brot á mannréttindum hafa rífið upp með rótum fólk úr mörgum hlutum heims og flóttamönnum hefur farið ört fjölgandi.

Ástandið mundi batna ef betur væri fylgt grundvallarreglum um mannréttindi svo og ef beitt væri félags- og fjárhagslegum úrræðum. Besta lausnin meðal flóttamanna væri frjáls flutningur til heimalandsins, en þegar slíkt er hvorki hættulaust né mögulegt þarf að leita annarra lausna. Hinn vaxandi straumur fólks, sem leitar hælís í Vestur-Evrópu, kallar á skipulegt samstarf Evrópuríkjanna.

Umhverfis- og skipulagsmálanefndin benti á að hagsmunir „Norðurs“ og „Suðurs“ í umhverfismálum færu saman. Sameiginleg stefna í þessum málum væri nauðsynleg af pólitískum, hagnýtum og siðferðilegum ástæðum.

Bráður umhverfisvandi blasir við í suðlægum löndum þar sem 7,5 milljónir ferkílómetra hafa orðið að eyðimörk og 110 000 ferkílómetrar af hitabeltisskógum eyðast á ári hverju. Nefndin lagði áherslu á nauðsyn þess að gera langtímaáætlanir gegn gróðureyðingu.

Sjórnsmálanefndin undirstrikaði þörfina á samstöðu milli hinna ríku norðurbjóða og hinna hungruðu suðurbjóða. Nefndin vildi að þróunarhjálpin beindist eingöngu að fólki og miðaðist við menningarlega sérstöðu þjóðanna, samskipti þeirra og samstarf.

Menningarmálanefndin benti á að fræðsla í þróunarlöndum þyrfti að miðast við að vernda menningararfleifðar þeirra. Iðnvædd ríki þyrftu í skólum sínum að efla vitund nemenda um vanda þróunarriksja. Lögð var áhersla á mikilvægi fjölmiðla í skoðanamyndun ekki síst meðal æskufólks.

Landbúnaðarnefndin fjallaði um matvælastefnu Afríku og þróunarhjálpina. Hún taldi að endurskoða þyrfti stefnu liðinna ára í þessu sambandi. Fólki í Afríku fjölgaði um 3% á ári, en landbúnaðarframleiðsla jókst á sama tíma aðeins um 1,7%. Alvarlegast væri ástand og horfur á svæðinu suður af Sahara. Á alþjóðavettvangi taldi nefndin að samstaðan með Afríku ætti að hafa forgang og landbúnaðurinn yrði að vera grundvöllur efnahagsþróunar í Afríku.

Marka þyrfti stefnu til að gera heimasvæði sjálfum sér nóg með stuðningi við smábúskap. *Landbætur, aðgangur að lánsfé og leiðbeiningar í landbúnaði* verða nauðsynlegar til að auka framleiðni og dreifingu verðmæta. Norðlæg ríki ættu að veita meiri aðstoð til rannsókna til að fullnægja afrískum þörfum.

Loks taldi nefndin að *aukinn stuðningur við landbúnað í Afríku ætti að beinast að konum því að konur framleiða 80% af matvælum Afríku.*

Undirnefndin um fiskveiðar kynnti skýrslu sem hún nefndi „Fiskstofnar þróunarriksja — hin dulda auðlind“. Talsmaður nefndarinnar sagði að þróunarrikin ættu í fiskinum verðmætan forða eggjahvítuefna (prótína) ef fiskiðnaður þeirra byggir yfir þeirri þjálfun, búnaði og þekkingu sem þyrfti til að nýta þessa auðlind náttúrunnar. Betri þjálfun og búnaður væri aðkallandi. Aukin þekking og fiskverndun væri nauðsynleg þar sem hætta væri á ofveiði stofna.

Víðtækur stuðningur var meðal þingmanna allra flokka við meginatriði Norður-suður verkefnisins og fjórar ályktanir samþykktar um efnið, en þær eru:

Ályktun um samstarf og samstöðu „Norðurs“ og „Suðurs“ (nr. 5826).

Ályktun um samstarf og þróunarmenntun (nr. 5832).

Ályktun um samstarf og matvælastefnu Afríku og þróunarhjálp (nr. 5819).

Ályktun um samstarf og fiskimöguleika þróunarlanda (nr. 5821).

Heildarverkefni það, sem þessi skýrsla fjallar um, verður unnið áfram í samstarfi Evrópuráðsins og Evrópubandalagsins undir kjörorðinu:

Norður — Suður — Sami heimur.